



Mennta- og barnamálaráðuneytið
Borgartúni 33
mrn@mrn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 17. október 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins og Samtaka menntatæknifyrirtækja um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, mál nr. S-195/2025

I. Inngangur

Samtök iðnaðarins (SI) og Samtök menntatæknifyrirtækja (IEI), hér eftir „samtökin“, hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, mál nr. S-195/2025. Samtökin fagna því að mennta- og barnamálaráðuneytið sýni frumkvæði að því að samræma reglur um stafræna tilveru barna í grunnskólum. Frumvarpið tekur sérstaklega á stafrænu umhverfi barna og ungs fólks og samræmist áherslum Menntastefnu til 2030, þar sem lögð er áhersla á upplýsinga-, miðla- og tæknilæsi og ábyrga notkun tækni. Til að þessi markmið náist þarf menntakerfið að byggja á traustum tækniinnviðum og jöfnu aðgengi að búnaði, svo börn læri ekki aðeins að forðast truflanir heldur einnig að nýta tækni með skapandi og gagnrýnum hætti. Tillögur til breytinga á lögum um grunnskóla, sem finna má í frumvarpinu, marka jákvætt skref í átt að skýrari umgjörð um notkun snjalltækja í skólastarfi.

Samtökin vilja þó benda á mikilvæg atriði sem varða námsgögn, tæknilæsi og jöfnuð hvað varðar aðgengi að kennslutækni.

II. Samhengi og áskoranir stafrænnar menntunar

Stafræn hæfni er í dag lykilþáttur í menntun og atvinnulífi. Samkvæmt Alþjóðaeftnahagsráðinu (World Economic Forum) mun störfum sem krefjast stafrænnar hæfni fjölga hraðar en öðrum. Á Íslandi hefur hugverkaiðnaður verið í öflugum vexti og er nú fjórða stoð gjaldeyrisöflunar, en stafrænar lausnir og tæknivæðing eru jafnframt að verða óaðskiljanlegur hluti allra atvinnugreina. Þessi þróun krefst þess að skólar bjóði nemendum upp á menntun sem stuðlar að skapandi, gagnrýnni og ábyrgri nýtingu tækni en tryggi einnig jafnt aðgengi í skólastarfi. Takmarkanir á farsímanotkun þurfa því að vera hluti af heildrænni stefnu um stafræna menntun.

III. Áskorun til stjórnvalda - jafnt aðgengi að tæknibúnaði

Samtökin leggja áherslu á að samhliða takmörkun á farsímanotkun verði lögð áhersla á að tryggja að öll börn hafi aðgang að tækniinnviðum sem styðja nám, sköpun og gagnrýna hugsun. Í 3. mgr. 31. gr. laga um grunnskóla kemur fram að „*ráðuneyti er skylt að leggja grunnskólum til námsgögn í samræmi við meginmarkmið náms og kennslu á grunnskólastigi samkvæmt aðalnámskrá.*“

Í því ljósi er nauðsynlegt að tryggja jafnt aðgengi að tækni. Skólar með skertan fjárhag eða ófullnægjandi tækniinnviði munu finna meira fyrir símabanni því að staðan er sú að í sumum tilvikum hafa símar verið notaðir sem hjálpartæki í námi vegna skorts á tæknibúnaði.



Til að tryggja jafnan aðgang að tækni leggja samtökin til að kveðið verði á um lágmarksbúnað sem skilgreinir lágmarksaðgang að tækni í öllum grunnskólum, óháð búsetu eða bakgrunni. Önnur leið væri jöfnunarsjóður fyrir tækniinnviði og búnað sem sveitarfélög og skólar með takmarkað fjármagn gætu sótt í til að bæta búnað og innviði. Með þessum aðgerðum mætti ná fram markmiði frumvarpsins um heilbrigt námsumhverfi án þess að draga úr tækifærum nemenda til stafrænnar hæfnipróunar.

IV. Lokaorð

Samtökin styðja heilshugar markmið frumvarpsins; að efla vellíðan og námsárangur barna með því að draga úr truflunum og skapa öruggt félagslegt rými. Til að tryggja jöfnuð er lykilatriði að tryggja jafnt aðgengi nemenda og skóla að tækniþúnaði og menntatækni. Ef takmarkanir á símanotkun verða ekki útfærðar samhliða markvissri uppbyggingu tækniinnviða í skólum er hætt á neikvæðum áhrifum, þ.e. að aðgengi barna að tækni sé misskipt. Samtökin hvetja ráðuneytið til að nýta tækifærið til að marka heildstæða stefnu um stafræna menntun, sem sameinar jafnræði, ábyrgð og framtíðarhæfni allra barna í íslenskum grunnskólum.

Samtökin vonast til þess að fá tækifæri til þess að gera nánari grein fyrir umsögn sinni.

Virðingarfyllst,

Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir
Sérfræðingur í mennta- og mannauðsmálum hjá SI

Íris E. Gísladóttir, formaður Samtaka menntatæknifyrirtækja